

Ár 2014, fimmtudaginn 6. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson í forföllum Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 15. janúar 2014.

Í bréfinu er rætt um skil á viðaukum við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga til innanríkisráðuneytisins.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 13. janúar 2014.

Í bréfinu er rætt um úttekt á starfsemi Grunnskólans í Hveragerði sem gerð var í apríl sl. Ráðuneytið hefur mótttekið umbótaráætlun Hveragerðisbæjar og Grunnskóla Hveragerðis. Ráðuneytið mun óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaráætlunar í desember 2014.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Námsmatsstofnun frá 14. janúar 2014.

Í bréfinu er kynnt að Námsmatsstofnun hefur samþykkt umsókn Hveragerðisbæjar um úttekt á ytra mati leikskólans Óskalands. Úttektin mun fara fram haustið 2014.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Umhverfisstofnun frá 24. janúar 2014.

Í bréfinu kemur fram að Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlun um að reist verði kaffi-/þjónustuhús á Fossflöt en ósk um óverulega breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, Fossflöt var send stofnuninni í desember 2013.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 31. janúar 2014.

Í bréfinu er kynntur dagur leikskólans sem haldinn verður í leikskólum landsins 6. febrúar.

Lagt fram til kynningar.

1.6. Skipulagsstofnun frá 20. janúar 2014.

Í bréfinu er Hveragerðisbæ boðin þátttaka í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu.

Lagt fram til kynningar.

1.7. Landbúnaðarháskóla Íslands frá 20. janúar 2014.

Í bréfinu er kynnt ályktun frá fundi starfsmanna starfs- og endurmenntunardeildar LbhÍ sem var haldinn þann 16. desember sl. vegna sameiningar LbhÍ og Háskóla Íslands.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar telur nauðsynlegt að tryggja að garðyrkjunám verði öflugt í landinu og að sú aðstaða sem til er að Reykjum í Ölfusi verði áfram nýtt til rannsókna, kennslu og uppbyggingar greinarinnar. Brýnt er að glata ekki þeirri þekkingu, reynslu og aðstöðu sem þar er að finna og hún verði sem allra best nýtt til hagsbóta fyrir uppbyggingu garðyrkjunnar. Bæjarráð felur bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að ræða við rektor LbhÍ vegna þeirra breytinga á umhverfi skólans sem í farvatninu eru.

2. Fjárhagsleg málefni:**2.1. Samningur um sérfræðiþjónustu talmeinafræðings.**

Lagður fram samningur við Þóru Sæunni Úlfsdóttur, talmeinafræðing hjá Talþjálfun Reykjavíkur, um þjónustu hennar í leik- og grunnskólum Hveragerðisbæjar á vorönn 2014. Bæjarstjóri hefur undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkir samninginn og jafnframt að þjónusta talmeinafræðings verði foreldrum og forráðamönnum barna í Hveragerði þeim að kostnaðarlausu.

2.2. Tilboð í sorphirðu.

Tilboð í sorphirðu í Hveragerði voru opnuð 22. janúar 2014.

Tilboð sem bárust voru.

Tilboðsgjafi	Upphæð
Íslenska gámafélagði tilboð 2	16.560.000.-
Íslenska gámafélagði tilboð 1	16.944.000.-
Gámaþjónustan tilboð A	15.541.220.-
Gámaþjónustan tilboð B	16.226.116.-

Lagt fram til kynningar ákvörðun frestað til næsta bæjarstjórnarfundar.

3. **Framtíðarsýn og möguleikar:**

3.1. **Minnisblað.**

Lagt fram minnisblað vegna þeirrar vinnu um framtíðarsýn og möguleika sem fram hefur farið í bæjarráði.

Minnisblað þetta er vinnuskjal sem ekki er ætlað til almennrar dreifingar en áfram munu bæjarfulltrúar allir vinna að framtíðarsýn bæjarins sem liggja mun fyrir fljótlega.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. SASS frá 31. janúar 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:28

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)